



Dagsetning: 15. desember 2023
Málsnúmer: 2311037/2.10.1

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Föstudaginn 15. desember var ritað undir samkomulag ríkis og sveitarfélaga varðandi hækkun á hámarks útsvarsprósentu sveitarfélaga um 0,23%. Er þetta gert til að koma til móts við kostnað sveitarfélaganna vegna málefna fatlaðra. Útfærsla breytingarinnar er með sama hætti og lok árs 2022, og því mun tekjuskattsprósentu ríkisins lækka á móti svo breytingin hefur ekki áhrif á kjör almennings.

Með vísan til ákvæða í ofangreindu samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 15.12.2023, er hér lagt til að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2024 hækki um 0,23% og verði 14,97%.

Þórður Vilberg Guðmundsson

forstöðumaður stjórnsýslu- og upplýsingamála